

Björgun ehf.  
Sævarhöfða 33  
110 REYKJAVÍK

Reykjavík, 18. ágúst 2020  
Tilvísun: OS2020070006/50.4.3  
Verknúmer: 3340300

**Efni: Framlenging á leyfi til efnistöku af hafsbotni í sunnanverðum Faxaflóa á Fláskarðskrika, við Sandhala og Ólastað**

Vísað er til erindis Björgunar ehf., sem barst Orkustofnun með tölvupósti þann 29. júní sl., þar sem óskað er eftir framlengingu á bráðabirgðaleyfi til eins árs á leyfi til efnistöku af hafsbotni á tilgreindum svæðum í sunnanverðum Faxaflóa, upphaflega útgefnu af Orkustofnun þann 29. júní 2009 til tíu ára (leyfi OS-2009-L010-01).

Þann 16. janúar 2019 sótti Björgun um leyfi til tuttugu ára til efnistöku í sömu námum og fyrra leyfi tekur til. Orkustofnun staðfesti móttöku umsóknarinnar með bréfi dags. 21. janúar 2020. Við yfirferð umsóknarinnar komu í ljós nokkur álítaefni og í því ljósi var óskað eftir fundi með fulltrúum Björgunar til yfirferðar á stöðu mála. Sá fundur fór fram í höfuðstöðvum fyrirtækisins þann 11. apríl 2019 og í lok hans var sammælt um að Björgun myndi taka afstöðu til þeirra spurninga sem fram voru lagðar, m.a. um umfang efnistöku og um úrlausn mála tengdum áliti Skipulagsstofnunar frá 8. apríl 2009.

Í ljósi framkominna ábendinga sendi Björgun ehf. inn breytta umsókn með bréfi dags. 24. júní 2019. Þar sem ljóst var að ekki yrði lokið við afgreiðslu á svo breyttri umsókn innan þess tíma sem fyrra leyfi rynni út óskaði fyrirtækið jafnframt eftir framlengingu á fyrra leyfi til eins árs, til sömu efnistökusvæða og í fyrra leyfi, og þess efnismagns sem veitt var leyfi fyrir.

Með bréfi, dags. 30. september 2019 veitti Orkustofnun framlengingu á áður útgefnu leyfi til efnistöku af hafsbotni í sunnanverðum Faxaflóa á Fláskarðskrika, við Sandhala og Ólastað til 29. júní 2019, meðan unnið yrði að afgreiðslu umsóknarinnar. Vegna anna hjá Orkustofnun hefur hins vegar orðið allnokkur dráttur á málsmeðferð erindisins. Í ljósi þessa hefur Björgun óskað eftir frekari framlengingu á leyfinu, líkt og framfar greinir. Fram kemur í umsókn að enn er umtalsvert eftir af umsóttu efnismagni fyrra leyfis á öllum þremur svæðunum og hefur efnistaka legið niðri á svæðunum.

Í ljósi framanritaðs samþykkir Orkustofnun erindi Björgunar um að áður útefið leyfi til efnistöku af hafsbotni í sunnanverðum Faxaflóa á Fláskarðskrika, við Sandhala og Ólastað, dags. 29. júní 2009, verði framlengt til 29. júní 2021 meðan unnið er að afgreiðslu nýrrar leyfisumsóknar. Skilmálar þeir er fylgdu útgefnu leyfi skulu haldast óbreyttir með leyfi þessu.

Orkustofnun bendir á að erindi þetta er af því tagi að ekki felist í því afstaða stofnunarinnar til umsóknar um ný leyfi samkvæmt lögum um eignarrétt íslenska ríkisins að auðlindum hafsbotnsins nr. 73/1990.

Ákvarðanir Orkustofnunar er lúta að veitingu, endurskoðun og afturköllun leyfa samkvæmt lögum um eignarrétt íslenska ríkisins að auðlindum hafsbotsins, nr. 73/1990, sæta kæru til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála, samkvæmt 6. gr. laganna. Um aðild, kærufrest, málsmeðferð og annað er varðar kærana fer samkvæmt lögum um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála, nr. 130/2011. Samkvæmt 2. mgr. 4. gr. laga, nr. 130/2011, skal kæra til úrskurðarnefndar borin fram innan eins mánaðar frá því að kæranda varð kunnugt eða mátti vera kunnugt um ákvörðunina.

Virðingarfyllst,  
f.h. orkumálastjóra



Kristján Geirsson  
verkefnastjóri



Harpa Þórunn Pétursdóttir  
lögfræðingur